

Margrét Pála Ólafsdóttir:

Búðarhugsun og bíótilfinningar

Saga af leik-föngum

Þessi grein er skrifuð til þess eins að vekja efasemdir. Til að vekja umhugsun áður en við tökum ákvarðanir um hvað við setjum í hendur ungra barna – hvað við bjóðum barnahöndum að handfjatla á mikilvægasta mótunarskeiðinu. Þessi grein er skrifuð af þeirri trú að leikir og störf barna grundvalli hugsun þeirra og tilfinningar um ókomna framtíð – að hlutur settur í hönd barns geti hjálpað því eða hamað í lífsins glímum. Þessi grein er saga af því sem börn hafa kennt mér um leikfanganotkun.

Verknám hjá Bryndísi Zoëga

Í upphafi árs 1989 réðist ég til starfa hjá Bryndísi Zoëga á Drafnarborg, frumkvöðli í leikskólamáli og goðsögn í lifenda lífi. Ég leit svo á að þarna væri um sjálfvalið verknám að ræða fyrir mig hjá fósturu – alkunnri fyrir snilli og brall með krakka um áratuga skeið og ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Hér er að vísu ekki staður né stund fyrir spjall um lífskenningar Bryndísar sem þó væri þarft fyrir uppeldiskerfið í dag; aftur á móti ætla ég að fjalla um nám mitt hjá börnunum hennar Bryndísar. Stóradeild, 22 börn eftir hádegi með eina fósturu sér til halds og trausts svo og Bryndísi sem tólti inn stöku dag til að leysa af í nokkurra mínútna kaffi. Verðugt verkefni fyrir metnaðarfulla fósturu.

Auðvitað er ekkert má fyrir þokkalega æfða fósturu (þetta var fyrir daga leikskólakennarastarfsheitisins) að glíma við 22 börn í einni stofu. Deildarreksturinn reyndist enda léttur hvað varðaði börnin – nema þegar þau voru í samhengi við öll þau býsn sem til voru af leikföngum, hlutum, tækjum og tólum í stofunni.

Efnisleg gæði = hlutahyggjan

Það var mikil lífsreynsla að kynnast barnastarfi á leikskóla sem samkvæmt „fóstrufrasa“ var „vel búinn áhöldum til trausts uppeldisstarfs.“ Ég hafði áður verið á leikskóla sem átti svo ósköp lítið af öllum þessum gæðum. Hér brá hins vegar svo við að blessuð börnin stönsuðu ósköp stutt við þessi lífsins gæði. Þau óðu úr einu í annað, hávaðinn var mikill, samkeppni og spenna um hver næði besta bitanum og tiltektin var martröð líkust. Þarf að taka fram að í flestum tilvikum mátti fósturan púsla átján púslum, tína upp perlur með flísatöng, flokka sundur haugana af mobilkubbum, greiðukubbum, H-kubbum, legóubbum og þvo dúkkuföt eins og stórhúsmóðir í vorhreingerningu? Á fjölmörgum augnablikum hafði ég vart tíma til að horfa á þessi börn, hvað þá að vera í vitrænum samskiptum við þau, orkan fór í að henda reiður á hlutasafninu.

Kaleikar fjarlægðir

Neyðin kennir naktri konu að spinna – og fósturu að fjarlægja leikföng. Án þess að nokkurt uppáskrifað uppeldismarkmið væri fyrir hendi fór ég smátt og smátt að tína úr þeim hillum sem voru í seilingarhæð. Leikföngin, sem hurfu fyrst voru einfaldlega þau sem voru að gera mig gráhærða vegna hávaðans og spennunnar sem þau sköpuðu, auk þess að ég megnaði ekki lengur að týna þau upp úr gólfunum. Þannig hurfu perlustamparnir jafnhrott og keröldin með vaxlitabrotum kynslóðanna. Glymjandi plastkubbar gufuðu upp og púsluspilin hurfu af yfirborði deildarinnar.

Eftir því sem meira hvarf þeim mun betra varð ástandið á staðnum. Eftir varð næstum ekki neitt; helst má nefna eitt heimatilbúið spil sem börn gátu stjórnað sjálf og gengið frá án aðstoðar, pappír og einn pakki með tólf vaxlitum – og það þurfti að setja spelkur á einn sem brotnaði í ógáti, einn kubbakassa, leir með tréhnífum, pappírsland á gólfi þar sem krakkar gerðu sinn litla heim ... og þá var kátt í höllinni.

Það getur enginn bergt á kaleikum sem ekki eru til staðar. Á sama hátt skapast ekki hávaði af leikföngum sem eru horfin og ekki þarf að metast og rífast um það sem ekki er til. Það var engu líkara en þessi börn hefðu verið drukkin af hlutadópi og væru loks orðin edrú – kaleikarnir voru farnir.

Eins og aðrir fullorðnir er ég fírnalengi að læra og það tók mig langan tíma að sjá og skilja hvað var raunverulega að gerast þetta vor. Eftir á að hyggja sýndust mér nokkur atriði vega þyngst.

Einbeiting og úthald

Krakkarnir fóru að staldra við í verkefnunum sínum mun einbeittari en áður. Nú var ekkert grænt gras hinum megin við lækinn til að trufla hugann og búa til spennu um að fá „eithvað annað“ að gera því þau vissu nákvæmlega að það bauðst ekkert meira en þetta lítilræði. Ekkert beið í hillum til að trufla athyglina sem áður hafði verið svo skelfing brothætt. Svo gerðist það kraftaverk að í okkar fábrotna nýja lífi var leikurinn aldrei búinn; það var alltaf hægt að halda áfram og söngurinn og kröfugerðarpólitíkin „BÚNINN – ÉG VIL FÁ ...“ þagnaði. Vitaskuld snarjókst úthaldið þegar verkefnið var þannig vaxið að það bauð upp á áframhald. Púsluspil klárast og perlubakki fyllist og þar með eru möguleikarnir tæmdir – en leir og litir bjóða endalaust upp á sig.

Samskipti bötnuðu sjálfkrafa

Hver veit nema það hafi verið samskipti krakkanna sem ýttu mest og best undir breytta ímynd af leiktímanum. Áður hafði verið alltof algengt að sjá eitt og eitt beina sjónum sínum og athygli að hlutum; nokkur börn að púsla við eitt borð, skuggalega auðvelt að fela sig bak við púslid sitt og þurfa þar með ekki að leggja fram sál sína og sinni í að gefa og þiggja, spytja og svara. Þessi undankomuleið var sérlega vinsæl hjá þeim börnum sem helst hefðu þurft að æfa sig meira í samskiptakjarki.

Eftir brotthvarf einhæfra leikfanga, sem buðu upp á umrædda einangrun, stórjukust samskiptin einfaldlega. Það, sem var til staðar, var EFNIVIÐUR eða LEIKEFNI sem gaf greinilega allt aðra möguleika. Ímyndunaraflið breytti leirklessum og trékubbum í fólk og dýr; mömmuleikir, veiðiferðir og dýragarðar þróuðust hjá krökkum á kafi saman í spuna og stöðugum tjáskiptum.

Sjálfbjarga fólk býr til

Umhverfið hafði svo sannarlega verið fjölbreytt en mér þóttu leikirnir ekki að sama skapi fjölbreyttir. Oft voru þeir óttalega einhæfir og sömu endurtekningarnar sáust dag eftir dag. Sömu hlutir voru gerðir úr sömu leikföngum og starf krakkanna minnti á stundum á innihaldslausa afþreyingu í stíl tölvuleikja og skjá-ómenningar. Ytri fjölbreytni tryggði sem sagt ekki innri fjölbreytni í hugarheiminum. Þegar fábreytnin hafði haldið innreið sína fór loksins að sjást í sköpun og ímyndun krakkanna sjálfra rétt eins og að leikföngin hefði fangað og fjötrað þessa eiginleika áður.

Ef til vill má segja að ímyndunaraflíð hafi verið þvingað úr felum því með þennan fátæklega efnivið í höndunum var aðeins tvennt í boði: rífa fram skapandi starf eða deyja úr leiðindum ella. Sem betur fer eru börn það tilvistarhæf og lítið skemmd á leikskólaaldri að þau velja fyrri kostinn. Það erum fremur við fullorðin sem veljum seinni kostinn þegar leikföng okkar eru tekin af okkur s.s. bílarnir, sjóvörpin og myndböndin. Í dag hef ég rösklega sex ára reynslu af því að umgangast leikskóladeildir án hefðbundinna leikfanga og hef aldrei heyrt eitt einasta barn spyrja um leikföng. Hins vegar hef ég heyrt leikskólapilt hjá mér segja við annan nýbyrjaðan: „Það eru engin púsluspil og svoleiðis á okkar leikskóla – en það gerir ekkert til því ef við viljum þá búum við þau bara til.“

Sjálfbjarga fólk getur leyst sér að vera nægjusamt og skapar sitt umhverfi og líf sjálft. Það getur fært sig úr hlutverki neytandans og tekið sér vald yfir aðstæðum sínum. Það dugar skammt að kenna krökum að skapa myndverk og tónlist ef við gleymum að gefa þeim svigrúm fyrir sköpun allrar sköpunar: að skapa sér líf og umhverfi á eigin nótum.

Ein lausn í boði – úr plasti

Hefur fólk velt fyrir sér í fullri alvöru að meirihluti allra leikja krakkanna okkar er byggður í kring um leikföng sem bjóða aðeins upp á eina útkomu, eina lausn sem búið er að úthugsa og ákveða – venjulega í gegnum erlenda hönnun leikfangaframleiðenda. Hlutverk barnanna er síðan að vinna stöðugt eftir þessum fyrirfram gefnu forsendum neyslumarkaðarins og leita að hinni „réttu“ lausn í amerísku plasti. Þetta er hreinlega þjálfun í að lítilsvirða eigin lausnir, innræta endanlega að fjölbreytileikinn skuli endanlega drepinn niður og að allir skuli steypdir í sama mótið. Mót sem fæstum hentar þegar upp er staðið – ef fólk þá á annað borð stendur upp.

Þetta er gerviveröld; áferðarfalleg í fljótu bragði en stöðug tilvist í gerviveröldinni fæðir af sér fólk án raunveruleikatengsla. Hvilíkur stuldur á veruleika – að afhenda barnahöndum plastperlur til að þjálfa finnhreyfingar en hneppa svo tölunum fyrir þau og brytja matinn ofan í þau af því enginn hefur tíma til að vera til í raun. Hvilíkt glapræði að láta Fischer Price og Ravensburger leysa tuskur og trébúta, glerbrot og óskasteina af hólmi. Hvilík firring að halda að rólur og vegasölt og rándýrir kastalar á rammgirtu malbiki gefi börnum meira en raunveruleikinn og lífið sjálft: að tifa um tún og engi og sullast í mold og grasi.

Aðkeypt tilvera

Þetta er musteri markaðarins þar sem allt gengur kaupum og sölum. Allt er aðkeypt: tæki og tól, hlutir, dót og drasl. Meira að segja gleði og stundargaman fæst í hillum myndbandaleiga og á segulböndum barnaherbergjanna. Samvera fjölskyldunnar eða ferðir leikskólans er meira að segja verslunarmál. Bíltúr með ís í kaupbæti á sunnudögum, bíóferð eða skíðaútgærð gildir heima, á leikskólanum borga foreldrar ferðasjóð svo hægt sé að kaupa örlitla gleði í ferðum um bæinn. Kakó á kaffihúsi í stað nestis, heimsóknir í banka landsins til að innbyrða auglýsingar og veitingar. Hún Bryndís Zoëga kallaði þetta fyrirbæri „að éta sig í gegn um lífið“ og ekki orð um það meira.

Allir dagar eru orðnir „aðfangadagar“, neyslan ræður og syndagjöldin verða ekki aðeins kreditkortareikningar heimilanna og gífurleg yfirbygging og sóun í opinbera

kerfinu (sem við borgum líka). Dýrustu afborganirnar verða í hugsunum og tilfinningum sem að lokum upplitast af endalausum aðkeyptum lausnum. Tilfinningarnar sljóvgast af myndamiðlum og fólk hættir að vita hvað raunverulegar tilfinningar eru. Hugsunin sljóvgast á sama hátt og framtíðin bíður með búðarhugsun og bíótilfinningum plastveraldarinnar.

Tímarnir breytast og mennirnir með

„Getur virkilega verið að manneskjan haldi að öll þessi ósköp dynji yfir ef krakkar nota leikföng?“ kynni einhver að spyrja sem hefur fylgst með mér gegnum þessi greinarskrif. Svo er vitaskuld ekki – en leikföng eru ekki lengur það sem þau voru fyrir tuttugu árum því að TÍMARNIR HAFA BREYST. Við breytumst með tímanum – og erum stundum lengi að skilja hvað allt hefur breyst.

Áður fyrr voru leikföng lítill þáttur í lífi barna. Þroskaleikföngin voru kærkomin nýjung og viðbót við það sem var: blómin og steinana, spýtuafgangi eða töluboxið hennar mömmu. Á þeim tíma lagði leikskólinn auðvitað mikla á herslu á gott úrval leikfanga. Nú hafa tímarnir breyst, öll barnaherbergi og einkaheimili eru troðfull af leikföngum og leikskólinn þarf því að nýju að bjóða börnum upp á viðbót í uppeldinu. Þannig étur byltingin börnin sín – sem betur fer því það sannar okkur að framþróun hafi átt sér stað.

Ég hvet leikskólann til að hafa djörfung og dug til að hefja leitina að raunveruleikanum og breytast með breyttum tímum.

Höfundur er leikskólastjóri í Hjalla, Hafnarfirði og lauk prófi frá Fósturskóla Íslands 1981.

Greinin birtist upphaflega í Athöfn, tímariti leikskólakennara, 1995, 27 (1) s. 28-30